

YFIRLÝSING VARÐANDI NEIKVÆÐ ÁHRIF FJÁRFESTINGARÁKVARÐANA Á SJÁLFBÆRNIPÆTTI

Þessi yfirlýsing lýsir hvernig og hvort Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins („LSR“ eða „sjóðurinn“) tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI1), samkvæmt 4. grein SFDR.

Bakgrunnur og umfang

Með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar var reglugerð ESB nr. 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) innleidd í íslenskan rétt. SFDR reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir og hvernig eigi að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti við slíkar ákvarðanir.

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna („UFS“), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Lýsing á helstu áhrifum á sjálfbærni

LSR er fjárfestir sem kaupir fjármálagerninga af félögum, opinberum aðilum og öðrum aðilum. Flestar tegundir atvinnustarfsemi þessara aðila/útgefanda fjármálagerninga geta haft ýmis áhrif á sjálfbærni, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð. SFDR reglugerðin gerir því ráð fyrir að fjárfestar birti upplýsingar samkvæmt sjálfbærnivísunum / PAI-vísunum (e. Principal Adverse Impact) en þessir vísar eru nýttir til að mæla hvernig starfsemi fyrirtækja og annarra aðila sem fjárfest er í hafa neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti. Sjálfbærnivísarnir snúa að UFS-þáttum, auk virðingar fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútugreiðslum.

Neikvæð áhrif og fyrirhugaðar aðgerðir

SFDR reglugerðin mælir meðal annars fyrir um að aðilar á fjármálamarkaði, þar með talið lífeyrissjóðir, gefi upp hvort, og ef svo er, hvernig fjármálaafurðir og fjárfestingaákvarðanir þeirra taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærni.

LSR upplýsir hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að með núverandi sjálfbærnistefnu sjóðsins ásamt því vinnulagi og megináherslum hvað sjálfbærnimál varðar sem sjóðurinn hefur tileinkað sér í fjárfestingarstarfsemi sjóðsins er helstu atriðum varðandi sjálfbærniáhættu sinnt. Áhætta tengd sjálfbærni er þannig metin í fjárfestingarákvörðunarferlinu ásamt öðrum áhættuþáttum sem mynda áhættusnið sjóðsins. Hvernig þau sjónarmið er varða sjálfbærniáhættu eru samþætt í fjárfestingarákvarðanir getur verið mismunandi eftir eignaflokkum og tegundum fjárfestinga eftir því hvað á við hverju sinni og fer jafnframt eftir aðgengi að upplýsingum. Nánari

upplýsingar má finna í sjálfbærnistefnu sjóðsins, en sjóðurinn hefur jafnt og þétt lagt aukna áherslu á sjálfbærniþætti í fjárfestingarstarfsemi sinni, sem m.a. birtist í endurskoðaðri og ítarlegri sjálfbærnistefnu.

LSR mun eftir sem áður fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR sem og þróun annarrar löggjafar og aðferðarfræði sem varðar UFS-þætti.

Samantekt á eigendastefnu LSR

Eigendastefna sjóðsins varðar einnig sjálfbærniþætti í fjárfestingum þar sem í henni eru tilgreindir þeir meginþættir sem sjóðurinn beitir sér fyrir í stjórnarháttum fyrirtækja. LSR er virkur fjárfestir sem horfir að jafnaði til langs tíma í fjárfestingum sínum. Sjóðurinn leggur áherslu á gagnsæja upplýsingagjöf og uppbyggilegt samtal við þau félög sem fjárfest er í m.a. til að fylgjast með framvindu þeirra í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) og hvetja þau, ef ástæða þykir, til að bæta sig í þeim málaflokkum. Jafnframt leggur LSR áherslu á að virkt eftirlit sé til staðar í félögunum og að áhættustýring þeirra sé fullnægjandi. Möguleg inngríp geta átt sér stað gagnvart félögum sem starfa ekki í samræmi við gildandi stefnur sjóðsins eða sýna mikla áhættutöku tengda sjálfbærni. Sjóðurinn leggur áherslu á að bæði fjárhagsleg og ófjárhagsleg upplýsingagjöf félaga sé viðeigandi og afdráttarlaus.

Mikilvægt er að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir lögum og reglum sem um þau gilda og fylgi viðmiðum um gott viðskiptasiðferði. Sjóðurinn leggur einnig áherslu á virka þátttöku á hluthafafundum og tekur virkan þátt í afgreiðslu þeirra mála sem þar koma til afgreiðslu, en sjóðurinn birtir yfirlit um beitingu atkvæðisréttar í skráðum félögum á vefsíðu sinni í kjölfar hvers fundar. LSR telur rétt að virkt samtal á milli útgefenda og fjárfesta liggi til grundvallar þeim ákvörðunum sem hluthafafundur tekur. Nánari upplýsingar má finna í eigendastefnu sjóðsins.

Fylgni við alþjóðlega staðla

LSR horfir til alþjóðlegra viðmiða á sviði sjálfbærni og er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Samkvæmt aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum þarf að stuðla að kerfislægri umbreytingu alls samfélagsins í átt að kolefnishlutleysi og þarf samfélagið að vera virkur þátttakandi í loftslagsvegferðinni. Sjóðurinn vill vera ábyrgur fjárfestir og hefur því innleitt og eflt sjálfbærniferla sem styðja við þau markmið og áherslur sem sjóðurinn hefur sett sér vegna fjárfestinga hans. Nánari útlistun á samstarfi og viðmiðum á sviði sjálfbærni má finna í sjálfbærnistefnu sjóðsins.

Þessi yfirlýsing tók upphaflega gildi 1. júní 2023. Yfirlýsingin er tekin reglulega til endurskoðunar.

Breytingarskrá

Dagsetning	Útgáfunúmer	Athugasemd/breytingar
1. júní 2023	1.0	Yfirlýsing vegna neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI) skrifuð. LSR tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. LSR mun huga að neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og SFDR mælir fyrir um þegar fram líða stundir og þegar hægt verður að safna viðeigandi gögnum.
1.júní 2024	2.0	Óbreytt frá fyrra ári
1.júní 2025	3.0	Reglubundin yfirferð án efnisbreytinga, texti uppfærður.

Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu LSR hvernig sjóðurinn metur sjálfbærni sem og sjálfbærniáhættuþætti innan fjárfestinga sjóðsins;

1. [Sjálfbærnistefna LSR](#)
2. [Eigendastefna LSR](#)
3. [Sjálfbærniáhætta LSR](#)
4. [Atkvæðagreiðslur – Beiting atkvæðaréttar á hluthafafundum](#)